



## Sjúkdómar sem bólusett er fyrir í almennum bólusetningum á Íslandi

Taflan hér að neðan sýnir fyrirkomulag almennra bólusetninga á Íslandi  
eftir fæðingarárgöngum

Fæðingarár	Bólusótt (1)	Barnaveiki (2)	Stífkrampi (3)	Kíghósti (3)	Mænusóttt	Mislingar (4)	Rauðir hundar (5)	Hettusótt (6)	Hib (7)	Meningókokkar C (8)	Pneumókokkar	HPV (9)	Hlaupabóla (10)
< 1949	x	(x)											
1950 – 1955	x	(x)	(x)	(x)									
1956 – 1958	x	(x)	(x)	(x)	x								
1959 – 1962	x	x	x	x	x								
1963	x	x	x	x	x	(x)							
1964 – 1973	x	x	x	x	x	(x)	(x)						
1974 – 1977	x	x	x	x	x	x	(x)						
1978 – 1980	(x)	x	x	x	x	x	(x)						
1981 – 1982		x	x	x	x	x	(x)						
1983 – 1986		x	x	x	x	x	(x)			x			
1987 – 1988		x	x	x	x	x	x	x		x			
1989 – 1997		x	x	x	x	x	x	x	x	x			
1998 – 2010		x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	
2011 – 2018		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	
2019 –>		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x

1) Bólusett gegn bólusótt fram til ársins 1980.

2) Bólusetning gegn barnaveiki hófst vorið 1935 en varð hluti af almennum bólusetningum barna 1959.

3) Farið að bjóða ungum börnum upp á bólusetningu gegn kíghósta 1950 og stífkrampa 1953. Þessar bólusetningar urðu hluti af almennum bólusetningum barna 1958.

4) 1965 var byrjað að bjóða uppá bólusetningu fyrir 2ja ára börn gegn greiðslu. Varð hluti af almennum bólusetningum barna 1976. Árið 1989 var farið að bólusetja við 18 mán. aldur með MMR.

5) og 6) Einungis 13 ára stúlkur sem ekki voru með mótefni gegn rauðum hundum voru bólusettar fram til 1989. Eftir það voru allar stúlkur og drengir bólusettir með MMR bóluefninu sem inniheldur mótefnavaka gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt.

7) Hib - Haemophilus influenzae baktería af gerð b.

8) Árið 2002 voru einstaklingar fæddir 1983 (19 ára) og yngri bólusettir. Síðan ungbörn við 6 og 8 mánaða aldur. Frá 2023 er bólusett gegn fjórum hjúpperðum, A, C, W og Y, við 12 mánaða aldur.

9) Árgangar 1998-2010: Eingöngu stúlkur; árgangar 2011 –>: Óháð kyni.

10) Bólusett frá 2020 við 12 og 18 mán. aldur, fyrsti árgangur fæddur 2019.